

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 3/1888.

Sigurður Eiríksson
 gegn
 Sigurði Indriðasyni og
 sýslumanni Jóni Johnsen.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, upp kveðnum 26. sept. f. á., var áfrýjandi máls þessa, Sigurður Eiríksson, dæmdur fyrir meiðandi ummæli um hinn stefnda, Sigurð Indriðason, til að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, svo og til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði.

Dómi þessum hefur Sigurður Eiríksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur, eptir atvikum án heimvísunar eða með heimvísan að nokkru leyti, að hinn stefndi undirdómari verði sektaður fyrir meðferð sína á málinu, og að hinir stefndu, annarhvor eða báðir, verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum. Á hiun bóginn hefur málsfærslumaður hinna stefndu krafizt þess, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdómi, og *in subsidium*, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, svo og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir báðum dómum, hvernig sem úrslit málsins annars verða.

Frávísunarkröfu sína styður málsfærslumaður hinna

stefndu með því, að birtingarvottorð stefnuvotta á áfrýjunarstefnunni sjeu eigi staðfest með signetum þeirra, og að nafn annars stefnuvottsins undir öðru birtingarvottorðinu sje handsalað, en þessar ástæður eru þýðingarlausar, með því að hinir stefndu hafa látið mæta fyrir yfirdóminum, og fært fram vörn einnig að því er efni málsins snertir, og með því móti sýnt, að áfrýjunarstefnan hafi verið nægilega birt fyrir þeim.

Mál þetta kom fyrst fyrir rjett í hjeraði að Skorra- stað hinn 20. júlímán. 1886, og getur dómarrinn þess þá, að það sje risið út af því, að kærandi (Sigurður Indriðason) beri upp á innstefnda (áfrýjandann) að hann hafi þjófkennt sig að öxi, og virðist af þessu í sambandi við sáttakærana og stefnuna mega ráða það með nokkurnvegin nægilegri vissu, að það hafi verið tilgangur hlutaðeigenda, að málið yrði rekið sem einkamál út af meidyrðum. Næsta (annað) rjettarhald í málinu var einnig haldið að Skorrastað hinn 20. júlímán. 1887, og var þá og eptir það farið með málið af hálfu dómarrans líkast því, sem það væri opinbert mál. Því næst var málið fyrir tekið að Nesi hinn 22. s. m., og var þá ákveðið, að næsta rjettarhald skyldi haldið í því miðvikudaginn 27. s. mán. á Eskifirði. Þetta varð þó eigi, en rjettarhald framfór í sökinni fimmtudaginn 28. júlímán. f. á. að Höfðahúsum, án þess að sjeð verði, að áfrýjandi hafi samþykkt það, eða fengið nokkra vitneskju um það, enda mætti hann eigi við rjettarhald þetta, og enginn með hans umboði. Var síðan málið tekið upp til dóms og dómur kveðinn upp í því hinn 26. sept. f. á., eins og áður segir. — Svo löguð máls-

meðferð er ólögleg, og verður eigi hjá því komizt, að dæma undirjettardóminn ómerkan eptir aðalkröfu áfrýjanda, en eptir málsfærslunni er eigi tilefni til að gefa gaum kröfu hans um heimvísun, er að eins hefur verið gjörð til vara.

Áfrýjandinn hefur stefnt undirdómaranum til þess að bera ábyrgð á dómi sínum, en eptir málavöxtum þykir eigi alveg nægileg ástæða til þess, að láta hann sæta sektum fyrir málsmeðferðina eða dóminn, hvorki *ex officio* nje eptir kröfu áfrýjanda. Svo verður hann og eigi heldur dæmdur til að greiða neitt-
upp í málskostnaðinn, því að krafan í áfrýjunarstefnunni hljóðar svo, að hinn stefndi, nl. Sigurður Indriðason, greiði *allan* kostnað málsins fyrir báðum rjettum, en engri málskostnaðarkröfu er í stefnunni beint að dómaranum.

Á hinn bóginn kemur það eigi til mála, að hinum stefnda dómara verði tildæmt nokkuð endurgjald fyrir málskostnað.

Eptir þessum úrslitum málsins er rjett, að hinn stefndi, Sigurður Indriðason, greiði áfrýjandanum 40 kr. í málskostnað.

Því dæmist rjett að vera:

Hiun áfrýjadi aukarjettardómur á að vera ómerkur. Hinn stefndi, Sigurður Indriðason, greiði áfrýjanda, Sigurði Eiríkssyni, 40 krónur sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella aðför að lögum.